



Fundargerð

12. fundar stjórnar FRÍ fimmtudaginn 29. janúar 2015 kl. 19:00
Í fundarsal A á 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ Laugardal

Mætt: Einar Viljálmsson (EV), Jónas Egilsson (JE), Jón Steingrímsson (JST), Lóa Björk Hallsdóttir (LBH), Stefán Skafli Steinólfsson (SSS), Fríða Rún Þórðardóttir (FRÞ) og Gunnlaugur Júlíusson (GJ). Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Ingvar Hlynsson, Lovísa Hreinsdóttir og Björg Ágústadóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

1. Boðun fundar og fundargerð síðasta fundar: **Boðun fundar samkvæmt lögum. Fundargerðir 8, 9, 10 og 11 lagðar fram. Samþykkt að fundargerðir 8, 9, 10, og 11 verði samþykktar með tölvupósti.**
2. Fjármál FRÍ
 - 2.1. Staða á reikningum FRÍ, hreyfingar milli funda : **Tekjur hafa skilað sér inn á reikninga FRÍ, m.a. frá ÍSÍ.**
 - 2.2. Kostnaður FRÍ vegna þjálfaranámskeiðs EAA, Bakuferðar fómans, Noregsferðar tækninefndar og RIG. **Framkvæmdastjóra falið að hraða upplýsingagjöf til stjórnar um kostnað verkefnanna á vegum FRÍ samanber umræðu um kostnaðargreiningu verkefna á 1. fundi stjórnar.**
 - 2.3. Tímasetning á birtingu ársreiknings 2014 : **Umræður um skil ársreiknings. Stjórn samþykkir að fela gjaldkera og framkvæmdastjóra að skila ársreikningi 2014 fyrir 25. febrúar næstkomandi. (Sjá lið nr 4)**
 - 2.4. Tímasetning uppgjors á Happpdrætti FRÍ: **Ljúka þarf uppgjöri happpdrættis FRÍ. Stjórn felur framkvæmdastjóra að hraða uppgjöri og tímasetja uppgjorslok.**
 - 2.5. Fjármálastjórn og gagnsæi í rekstri FRÍ: **Gjaldkeri fer yfir fjármálastjórn FRÍ. Umræður um leiðir til að lækka ferðakostnað FRÍ við endurnýjun samnings við Ícelandair. Stjórn áréttaði að allar ákvarðanir um útgáfu flugfarseðla og önnur sambætíleg útgjöld eigi stjórn FRÍ að hafa upplýsingar um áður en til þeirra kemur.**
3. Fjárveiting frá ÍSÍ fyrir árið 2015: **Fjárveiting hefur komið frá ÍSÍ vegna landsliðsmála. Unnið er að framtíðarlausn þeirra verkefna m.a. með Yfirþjálfarahópi sambandsaðila sem eiga íþróttamenn í Landsliðshópi FRÍ . Umræður um verkefnastýringu, hvort valinn verði verkefnastjóri landsliðsmálefna eða verkefninu deilt á fleiri hendur. Stjórnarmenn sammála um mikilvægi þess að fyrirkomulag landsliðsmála liggja fyrir sem fyrst . Formanni falið að vinna áfram með yfirþjálfarahópi FRÍ í samsarfi við ÍþA í ljós staðfestingar á fjárveitingu ÍSÍ.**
4. Vorfundur FRÍ - fjármál FRÍ , afreksstefna FRÍ, frjálsíþróttaaðstaðan á Laugardalsvelli: **Umræður um mikilvægi þess að halda vorfund FRÍ. Stjórn ákveður að boða til vorfundar FRÍ. Á þinginu verði m.a. farið yfir fjármál FRÍ, afreksstefnu FRÍ, frjálsíþróttaaðstöðu á Laugardalsvelli og skipan landsliðsmálefna.**



5. **Ákveðið var að Uppskeruhátíð FRÍ verði haldin í Kaplakrika í Hafnarfirði í tengslum við Bikarkeppni FRÍ. Framkvæmdastjóra (JE) og ritara (SSS) falið að undirbúa uppskeruhátíðina í samstarfi við stjórn FH. Rætt var um að æskilegt væri að kynning verkefni unglínganefndar um þá helgi og Lóu (LBH) falið að skoða svigrúm til þess.**
6. **Áskorendamót Norðurlandanna (ÁN) Bærum: Stjórn samþykkir að þeir sem ná árangursviðmiði-2 hljóti rétt til þátttöku á Áskorendamóti Norðurlandanna í Bærum.**
7. Styrkir FRÍ til þátttöku á mót erlendis á fyrsta ársfjórðungi 2015 og árangursviðmið.
 - 7.1. **Áskorendamóti Norðurlandanna (ÁN) í Osló í 14. feb. 2015 : Stjórn samþykkir kostnað vegna mótsins og árétta mikilvægi þess að kostnaður fari ekki yfir áætlun. Stjórn samþykkir að senda ekki keppendur á þetta mót sem fæddir eru effir 1995.**
 - 7.2. **Tillaga frá ÍÞA um keppnisgreinar og árangursviðmið FRÍ fyrir þátttöku á ÁN: Stjórn samþykkir tilögu ÍÞA um val á greinum sem til greina kemur að senda keppendur í á ÁN og formanni falið í samráði við ÍÞA að tilkynna íþróttamönnum um boð til þátttöku á mótinu effir Stórmót ÍR sunnudagskvöldið 1. febrúar.**
 - 7.3. **Styrkur til þátttakenda sem ná árangursviðmiði í völdum greinum á Áskorendamóti Norðurlandanna (Nordic Challenge): Stjórn felur formanni að móta og kynna árangurstengda styrki FRÍ til þátttakend þannig að rúmist innan ramman fjárhagsáætlunar.**
 - 7.3.1 Þjálfari/fararstjóri – styrkur : **Stjórn sammála að kostnaður v/fararstjóra/þjálfara á ÁN-mótið rúmist ekki innan fjárhagsáætlunar og verði því ekki greiddur af FRÍ.**
 - 7.3.2 **Vetrarkastmótið – styrkur til íþróttamanna í afrekshópi ungmenna: Stjórn FRÍ samþykkir að veita tveimur íþróttamönnum í stórmótahópi FRÍ styrk til að keppa á Vetrarkastmóti EAA í Portúgal þar sem þeir geta ekki keppt í íþrótt sinni á þeim mótum sem FRÍ er aðili að innanhúss.**
 - 7.3.2.1. Hilmar Örn Jónsson, sleggjukast : **Styrkur til þátttöku á vetrarkastmóti 30,000 kr.**
 - 7.3.2.2. Sindri Hrafn Gupðmundsson : **Styrkur til þátttöku á vetrarkastmóti 30,000 kr.**
 - 7.3.2.3. Þjálfari/fararstjóri : **Styrkur vegna vetrarkastmóts 30,000 kr.**- 8. **Árangursviðmið sem tryggir þátttökurétt á EM innanhúss í Prag (sjá fylgiskjal) Upphafleg kynning ÍÞÁ á lágmörkum fyrir EM var endurskoðuð af ÍÞA í ljósi nýrrar stigatöflu fyrir árið 2014 og formanni falið kynna tvískipt árangursviðmið (lágmörk) til þátttöku á EM í samstarfi við ÍÞÁ. Og skilgreina aukna kostnaðarþátttöku FRÍ fyrir þá sem ná árangursviðmiði-1**
- 9. **Uppskeruhátíð FRÍ og Bikarkeppni FRÍ í Hafnarfirði : Stjórn samþykkir að Bikarkeppni FRÍ verði haldin í Kaplakrika. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna og koma breytingum á vef sambandsins. Uppskeruhátíð verður haldin í tengslum við mótið sem og vorfundur FRÍ (sjá lið 4.)**
- 10. **FRÍ – unglínganefnd (Lóq)- staða mála : Beðið er gagna og skýrslu frá fyrrum starfsmanni unglínganefndar. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu effir**



11. Þinggerð 59. FRÍ-þings, drög : **Frestað. Stjórn hvetur framkvæmdastjóra til að hraða frágangi þinggerðar og birtingu hennar á heimasíðu FRÍ.**
12. Önnur mál. **Stjórn tók til umræðu nafnabreytingar á nokkrum hópum FRÍ:**
 - 12.3. **Að Ólympíuhópur FRÍ heiti effirleiðis Stórmótahópur FRÍ – ákvörðun frestað**
 - 12.4. **Að Afrekshópur FRÍ heiti effirleiðis Stórmótahópur ungmenna – ákvörðun frestað**
 - 12.5. **Stjórn sammála um að skrifleg greinagerð skuli fylgja næstu umræðu.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 20:50.

Fundargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson.